

Fundargerð

12. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 11. desember 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerðir

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engin rafræn erindi samþykkt milli funda. Fundargerð síðustu funda frestað.

2. Hlaupaverkefni FRÍ

Rætt um nokkur mál:

A: Tryggingamál. Norska leiðin – sagt frá er keypt eru grunnleyfi, ert þá tryggður og löglegur hlaupari. Áhugaverð leið.

B. Eigin hlaupahald – Rætt um framkvæmd, vottun og umgjörð. Umræður um hvort það fer saman að vera vottunaraðili og framkvæmdaraðili. Gengur ekki upp nema vera með eldvegg.

C. Breytingar. Nýtt hlaup á vegum FRÍ. Rædd framkvæmd og umgjörð.

D. Lýðheilsa og ÍSÍ – umræður um framtíð hlaupa. Formaður greinir frá samtölum sem hafa farið fram og hafa ekki farið fram.

Hlaupanefndin er með mörg mál í vinnslu og er að funda með hlaupahöldurum og ítreka fagmennsku í hlaupum. Rætt um skráningarmál á hlaupum sem hafa farið fram víðsvegar um landið og heiminn. Stjórn ræðir að mikilvægt sé að FRÍ stefni að því að skrá einungis úrslit í vottuðum rétt mældum og rétt framkvæmdum hlaupum.

3. RIG 2019

Umræða um tímaseðil og keppendur sem eru að koma erlendis frá.

WOW ekki lengur styrktaraðili mótsins. Ýmis tæknimál rædd. RIG nefndin önnum kafin.

4. Önnur mál

a. Mótaskráin rædd og hvaða dagsetningar eru á stóru mótunum m.t.t. erlendra stórmóta. Greinilega skörun þar á. Stjórn sendir athugasemd á mótanefnd.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:42 með því að Gulla sýndi debet- og kreditfærslur.

Ritun fundargerðar: Guðlaug Baldvinsdóttir.